AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Furugrundar, Selfossi.

Bæjarstjórn Selfoss hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Furugrundar, Selfossi. Breytingin hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 73/1997. Jafnframt hefur deiliskipulagsbreytingin fengið umsögn Skipulagsstofnunar skv. ákvæðum sömu laga.

Hið breytta deiliskipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Selfossi, 18. júní 1998.

Karl Björnsson bæjarstjóri.

Nr. 365 8. júní 1998

REGLUGERÐ

um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum.

1. gr.
Gildissvið.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til skipa á íslenskri skipaskrá sem eru skoðunarskyld skv. lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum.

2. gr.
Skilgreiningar.

2.1 Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:
Skip: Sérhvert skip á íslenskri skipaskrá sem er skoðunarskylt samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum.
Skipverji: Hver sá sjómaður um borð í skipi sem ráðinn er til skipsstarfa.
Útgerðarmaður: Aðili sem mannar skip og býr það vistum.
Lyfjakista: Sjúkragögn ásamt sérhannaðri geymslu fyrir þau.
Sjúkrakassi: Færanleg lyfjakista.
Sjúkragögn: Lyf og lækningatæki.
Mótefni: Efni sem ætlað er að koma í veg fyrir eða meðhöndla skaðleg áhrif efna.
Ávana- og fíknilyf: Lyf og lyfjasamsetningar, sem tilgreindar eru í fylgiskjali I með reglugerð nr. 16/1986, um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.
Hættuleg efni: Samkvæmt skilgreiningu í reglugerð um flutning á hættulegum varningi nr. 801/1982.
Þjálfun: Þjálfun í sjúkra- og skyndihjálp skv. viðurkenndri námsskrá.

3. gr.
Flokkar skipa.

3.1 Í reglugerð þessari eru skip flokkuð á eftirfarandi hátt:
A. Skip sem fara út fyrir 150 sjómílur frá næstu höfn.
B. Skip með mestu lengd 15 metrar eða lengri, sem fara styttri sjóferðir en 150 sjómílur frá næstu höfn.
C. Skip með mestu lengd allt að 15 metrum.
D. Björgunarför.

4. gr.

Sjúkragögn, sjúkraklefi og læknir.

4.1 Útgerðarmaður eða skipstjóri skips skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggt sé að:

4.1.1 skip hafi um borð fullbúna lyfjakistu í samræmi við lista yfir sjúkragögn í viðauka I og miðað við þann flokk skipa er þau tilheyra skv. 3. gr.,

4.1.2 magn sjúkragagna í lyfjakistunni sé í samræmi við fjölda skipverja og farþega, eðli farms, umfang sjóferðarinnar, einkum er varðar viðkomuhafnir, áfangastaði, og störf sem unnin eru meðan á sjóferð stendur,

4.1.3 sjúkragögn tilheyrandi lyfjakistunni séu skv. lista yfir sjúkragögn í viðauka I og flokkun skipa í 3. gr.,

4.1.4 skip með lyfjakistu A eða B hafi sjúkrakassa skv. viðauka II í brú og ef rétt þykir á öðrum hentugum stað,

4.1.5 hvert björgunarfar hafi lyfjakistu sem inniheldur að minnsta kosti þann búnað sem talinn er upp í lista yfir sjúkragögn í viðauka I flokki D,

4.1.6 skip hafi sjúkraklefa skv. reglum um vistarverur áhafna fiskiskipa, öryggi og aðbúnað í vinnu- og vinnslurýmum og reglum um vistarverur áhafna flutningaskipa og farþegaskipa,

4.1.7 skip sem eru með 100 skipverja eða fleiri um borð og eru í alþjóðlegum ferðum sem vara lengur en 3 sólarhringa hafi lækni um borð sem ber ábyrgð á þeirri læknishjálp sem skipverjar þurfa á að halda.

5. gr.

Mótefni.

5.1 Auk sjúkragagna sem talin eru upp í viðauka I skulu skip, sem flytja hættuleg efni eða samþjappaðar lofttegundir, hafa meðferðis viðeigandi hlífðarbúnað, lyf og hjúkrunarvörur eins og fyrir er mælt í alþjóðlegum leiðbeiningum um flutning á hættulegum varningi með skipum. Sama gildir um skip, sem notuð eru við köfunarvinnu og hafa afþrýstibúnað, sbr. reglugerð um afþrýstihylki.

5.2 Útgerðarmaður eða skipstjóri skips sem er í ferjuflutningum, en vegna eðlis starfseminnar er ekki vitað tímanlega hvaða hættuleg efni, skv. gr. 2.1.9, er verið að flytja, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggt sé að skipið hafi um borð viðeigandi sjúkragögn að meðtöldum mótefnum. Sé venjulegur siglingatími ferju milli viðkomustaða skemmri en tvær klukkustundir, má takmarka mótefni um borð við inngjöf í neyðartilvikum og miða við siglingatíma milli áfangastaða.

6. gr.

Skyldur.

6.1 Útgerðarmaður eða skipstjóri annast útvegun og endurnýjun sjúkragagna í samræmi við þessa reglugerð.

6.2 Skipstjóri annast vörslu lyfjakistu og færslu í dagbók hennar skv. 13. gr. Hann má, með fyrirvara um þessar skyldur, fela einum eða fleiri skipverjum sem hafa hlotið þjálfun samkvæmt gr. 2.1.10, notkun og viðhald sjúkragagnanna.

6.3 Skipstjóri skal sjá um að lyfjakistan sé í góðu ástandi og að innihald hennar sé endurnýjað svo fljótt sem auðið er.

6.4 Ef upp kemur alvarlegt ástand er varðar heilsufar um borð í skipi, skal skipstjóri í samráði við lækni gera viðeigandi ráðstafanir eins fljótt og mögulegt er til að útvega nauðsynlega læknishjálp og sjúkragögn ef þau eru ekki um borð.

6.5 Skipstjóri getur í samráði við lækni fengið lyf fyrir lyfjakistu skipsins, umfram það sem upp er talið í viðauka I.

7. gr.

Upplýsingar og þjálfun.

7.1 Í lyfjakistunni skulu vera upplýsingar og leiðbeiningar um notkun lyfja svo og leiðbeiningar um þau mótefni sem krafist er.

7.2 Allir skipverjar sem hlotið hafa fagþjálfun til að starfa um borð í skipi skulu hafa hlotið þjálfun í skyndihjálp.

7.3 Umsjónarmenn lyfjakistunnar, sbr. gr. 6.2, skulu fara í endurþjálfun, ekki sjaldnar en á fimm ára fresti, með tilliti til sérstakra áhættuþátta og þarfa sem tengjast hinum mismunandi flokkum skipa skv. 3. gr. og í samræmi við 2.1.10 um þjálfun í sjúkrahjálp.

8. gr.

Læknisráðgjöf með hjálp fjarskipta.

8.1 Heilbrigðisyfirvöld skulu tryggja skipverjum ókeypis læknisráðgjöf með hjálp fjarskipta og skulu þeir sem annast ráðgjöfina, hafa hlotið þjálfun og fræðslu við hinar sérstöku aðstæður sem eru um borð í skipum.

8.2 Skipstjóri og skipverjar sem hlotið hafa þjálfun í sjúkrahjálp skulu hafa þekkingu á því hvernig á að nota fjarskiptabúnað til að leita aðstoðar læknis í landi, skv. gr. 2.1.10 um þjálfun skipverja í sjúkrahjálp.

8.3 Um borð skulu vera upplýsingar um heilsugæslustöðvar sem hafa á að skipa læknum sem hlotið hafa fræðslu og þjálfun við hinar sérstöku aðstæður sem eru um borð í skipum.

8.4 Skipverji getur heimilað heilsugæslustöðvum að halda persónulega sjúkraskrá. Sjúkraskráin skal vera trúnaðarmál milli læknis og sjúklings, en afrit hennar má senda heimilislækni með samþykki viðkomandi skipverja.

9. gr.

Notkun, umbúðir og merkingar.

9.1 Lyf skulu vera í viðurkenndum umbúðum, helst einskammta- eða í þynnupakkningum. Merking lyfja skal vera í samræmi við reglugerð þessa og önnur stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á, þó skulu lyf í lyfjakistu D, fyrir björgunarför vera í umbúðum sem auðvelt er að opna og ekki eru búin öryggislæsingum.

9.2 Í handbók lyfjakistu (sjá gr. 14.1), er að finna ýmsar upplýsingar um notkun og meðferð lyfja. Á umbúðum lyfja skal standa „Sjá lyfjaskrá“. Ætíð skal leita upplýsinga í lyfjaskrá um hvert lyf áður en lyfjagjöf er hafin.

9.3 Á umbúðum lyfja, sem aðeins má nota í samráði við lækni, skal standa: „MÁ AÐEINS NOTA Í SAMRÁÐI VIÐ LÆKNI“.

9.4 Ávana- og fíknilyf skal merkja „ATH“.

9.5 Á hverja lyfjapakkningu skal setja númer þess flokks, sem lyfið tilheyrir skv. lyfjaskrá.

9.6 Á dauðhreinsaðan eða sótthreinsaðan búnað skal setja fyrningardagsetningu.

9.7 Áhöld úr málmi skulu vera úr ryðfríu stáli eða öðru efni sem ekki tærist auðveldlega. Hvert áhald skal vera merkt bæði íslensku og alþjóðlegu heiti þess. Áhöld, sem nota má oftar en einu sinni, skal sótthreinsa eða sæfa einu sinni á ári.

9.8 Súrefni til lífgunar ásamt nauðsynlegum búnaði til að gefa súrefni skal vera í sér tösku eða kassa sem auðvelt er að flytja til. Þessi búnaður skal vera tilbúinn til notkunar án fyrirvara. Við árlegt eftirlit lyfjakistunnar skal athuga sérstaklega hvort búnaður þessi sé í lagi.

10. gr.

Geymsluskilyrði, innréttingar og staðsetning.

10.1 Innréttingar lyfjakista skulu vera samþykktar af Siglingastofnun Íslands.

10.2 Lyfjakista skal hafa læsingu. Lyfjakisturnar skal varðveita á þurrum og rúmgóðum stað, þar sem hiti er á bilinu 15° til 25°C.

10.3 Innréttingar lyfjakista skulu vera úr varanlegu efni, sem auðvelt er að þrífa. Þær skulu vera rúmgóðar og ljósar að lit.

10.4 Skip í flokki A og B skulu hafa geymslu þar sem unnt er að halda hitastiginu sem næst 8°C til að viðhalda sem best geymsluþoli lyfja sem geyma á í kæli. Í lyfjakistunni skulu vera skýrar upplýsingar um hvar og hvaða lyf eru geymd utan hennar.

10.5 Sjúkragögnun fyrir björgunarför skal pakkað saman í traustar og vatnsþéttar umbúðir og merktar „Lyfjakista D".

10.6 Ávana- og fíknilyf skal geyma í læstu hólfi.

11. gr.

Aðgengi.

11.1 Til að tryggja sem best aðgengi að búnaði lyfjakista er nauðsynlegt að raða honum á skipulegan hátt. Í því sambandi skal bent á:

a. Að hafa lyfin flokkuð eftir notkunarsviði en uppfylla jafnframt kröfur um geymsluskilyrði,
b. að geyma sterk sótthreinsiefni og skordýraeitur vel aðgreind frá lyfjunum,
c. að raða umbúðum og hjúkrunargögnum þannig að það sé haft saman sem eðlilegt er að nota samtímis,
d. að hafa áhöld sér.

11.2 Búnaðinum skal raða í skúffur og hillur sem hægt er að hólfa niður að vild og unnt er að draga út.

11.3 Skúffur og hillur skulu vera númeraðar 1, 2, 3, o.s.frv. Setja skal upp aðgengilegan lista yfir innihald hverrar skúffu og hillu.

11.4 Í eldri skipum, þar sem ákvæðum gr. 11.1, 11.2 og 11.3 verður ekki við komið, er heimilt að krefjast þess að allt innihald lyfjakistunnar sé geymt í öskjum viðurkenndum af Siglingastofnun Íslands.

11.5 Sumt af samsettum búnaði er óhjákvæmilegt að geyma utan lyfjakistunnar og skulu þá upplýsingar um geymslustað vera aðgengilegar í lyfjakistunni.

11.6 Lyfjakista skal ætíð vera snyrtileg og hrein.

12. gr.

Aðföng.

12.1 Sjúkragögn skal afgreiða að minnsta kosti eða sem næst í því magni sem tilgreint er í viðauka I. Leitast skal við að velja þær lyfjapakkningar, sem eiga mest eftir af líftíma sínum og að lyfin séu í einskammtaformi eða þynnupökkuð.

12.2 Seljanda er skylt að gera vörureikning með magni og tegund sjúkragagna og skal afrit geymt í handbók lyfjakistu og annað hjá seljanda í minnst tvö ár.

12.3 Þegar endurnýja þarf sjúkragögn lyfjakistu milli reglubundins eftirlits skal nota til þess stöðluð eyðublöð. Frumrit fer til seljanda en afrit geymist í handbók lyfjakistu.

12.4 Þjónustuaðilar, sem skv. sérstöku starfsleyfi Siglingastofnunar Íslands hafa eftirlit með gúmmíbjörgunarbátum, skulu fá afgreidda lyfjakistu frá söluaðilum sjúkragagnanna.

13. gr.

Notkun og bókhald.

13.1 Skipstjóra eða staðgengli hans er skylt að færa í dagbók lyfjakistunnar öll aðföng og alla notkun á búnaði lyfjakistunnar.

13.2 Við færslu aðfanga í dagbók lyfjakistunnar skal koma fram hvaða vörur voru keyptar, í hve miklu magni og hvaðan og hvenær aðföngin áttu sér stað. Nóg getur verið að vísa til vörureikninga frá lyfjabúð enda sé reikningurinn geymdur í handbók viðkomandi lyfjakistu.

13.3 Við færslu á notkun í dagbók lyfjakistunnar skal koma fram vöruheiti og magn. Einnig skal geta tilefnis notkunarinnar, nafns, stöðu og aldurs sjúklings eða neytanda. Enn fremur meðferðar og árangurs hennar. Færslan skal dagsett og staðfest með undirskrift skipstjóra eða staðgengils hans. Séu lyf gefin samkvæmt læknisráði, skal tilgreina nafn þess læknis sem í hlut á.

13.4 Dagbók lyfjakistunnar skal geyma í handbók viðkomandi lyfjakistu. Þegar dagbókin er að fullu útfyllt skal skila henni til Siglingastofnunar Íslands þar sem önnur ný dagbók fæst afhent í skiptum fyrir hana.

13.5 Skipstjóra eða staðgengli hans er einum heimilt að afhenda lyf úr lyfjakistum. Afhendingin má aðeins vera til einstaklinga á skipi, hvort sem þeir eru farþegar eða í áhöfn og til fólks sem er bjargað úr lífsháska.

13.6 Sé lyfjanna ekki neytt í augsýn þess er afhendir þau úr lyfjakistu, skal setja þau í viðeigandi umbúðir með upplýsingum um heiti og magn lyfs ásamt fyrirmælum um notkun, séu þessar upplýsinga ekki fyrir hendi.

13.7 Stungulyf má einungis nota í augsýn skipstjóra eða staðgengils hans.

13.8 Aðföng og notkun ávana- og fíknilyfja, merkt „ATH“; skal skrá í sér kafla í dagbók lyfjakistunnar. Skrá skal nafn sjúklings, hver gaf lyfið, hvers vegna og ef við á, nafn þess læknis sem ráðlagði notkun lyfsins.

13.9 Upplýsingar í dagbók og á eyðublöðum vegna sjúkdómsgreiningar eru trúnaðarmál.

14. gr.

Handbækur og eyðublöð.

14.1 Í lyfjakistu hvers skips, að björgunarförum undanskildum, skal vera eintak af handbók lyfjakistu skipa, en í henni er:
- Eintak af þessari reglugerð ásamt viðauka I, listi yfir sjúkragögn í lyfjakistu og viðauki II listi yfir sjúkragögn í sjúkrakassa.
- Lyfjaskrá sem gefin er út af Siglingastofnun Íslands í tengslum við þessa reglugerð.
- Dagbók lyfjakistu skips.
- Tölusett eyðublöð í tvíriti fyrir pantanir.

14.2 Einnig skal vera í lyfjakistunni eftirfarandi:
- Eyðublöð til notkunar við sjúkdómsgreiningu áður en leitað er aðstoðar læknis í gegnum fjarskipti.
- Eintak af lækningabók fyrir sjófarendur sem samþykkt er af Siglingastofnun Íslands.

14.3 Í lyfjaskistu D fyrir björgunarför skal vera stuttur leiðarvísir um skyndihjálp.

14.4 Skip sem flyta hættulegan varning samkvæmt skilgreiningu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) skulu hafa um borð nýjustu útgáfu af:
- International Maritime Dangerous Goods Code (IMDG Code).
- Emergency Procedures for Ships Carrying Dangerous Goods (EMS).

- Medical First Aid Guide for Use in Accidents Involving Dangerous Goods (MFAG).

15. gr.
Eftirlit og endurnýjun.

15.1 Eftirlit með lyfjakistum skipa skal fara fram árlega eða oftar ef þörf krefur. Skal eftirlitið varða búnað, aðgengi og umgengni lyfjakistunnar. Eftirlitið skal framkvæmt af lyfjafræðingi sem starfar við lyfjabúð að beiðni útgerðarmanns eða skipstjóra. Við eftirlitið skal þess gætt að ekkert vanti í búnað lyfjakistunnar og enn fremur skal tryggt að sá hluti búnaðarins, sem ekki telst vera í lagi, sé endurnýjaður. Ónýt og úr sér gengin sjúkragögn skal fjarlægja og farga örugglega. Aðföng og notkun ávana- og fíknilyfja skulu borin saman við birgðir. Að eftirliti loknu skal votta í dagbók lyfjakistunnar, að lyfjakistan sé fullbúin skv. þessari reglugerð.

15.2 Eftirlitsaðila er skylt að gera athugasemd í dagbók lyfjakistu og tilkynna til Siglingastofnunar Íslands ef ákvæði um umgengni og notkun lyfjakistu er ábótavant.

15.3 Verði lyfjakistan og búnaður hennar fyrir skemmdum, t.d. við innbrot, skal skipstjóri svo fljótt sem auðið er láta fara fram skoðun á lyfjakistunni.

15.4 Þegar fulltrúi Siglingastofnunar Íslands framkvæmir árlega búnaðarskoðun skips, skal dagbók lyfjakistunnar lögð fram.

15.5 Siglingastofnun Íslands getur krafið skipstjóra um vörureikninga yfir keypt lyf.

15.6 Eftirlit með lyfjakistu D fyrir björgunarför, skal gert árlega. Sé lyfjakistan órofin og skemmsta fyrningardagsetning skv. viðauka I lengri en 1 ár frá skoðunardegi, má þjónustuaðili gúmmíbjörgunarbáta fresta skoðun um 1 ár.

16. gr.
Undanþágur.

Siglingastofnun Íslands getur að fengnu samþykki landlæknis eða Lyfjaeftirlits ríkisins, eftir því sem við á, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar.

17. gr.
Brot á ákvæðum reglugerðar.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu skv. ákvæðum VII. kafla laga nr. 35 frá 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum með síðari breytingum.

18. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum og að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Höfð var hliðsjón af tilskipun 92/29 EB frá 31. mars 1992 um lágmarkskröfur um öryggi og hollustu og til að bæta læknismeðferð um borð í skipum, sem birt er í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB (bók. 5, bls. 306). Reglugerðin staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum nr. 304/1989.

Samgönguráðuneytinu, 8. júní 1998.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI I

Listi yfir sjúkragögn í lyfjakistu.

Innihald hverrar lyfjakistu:

Númer	*Ath.*	*Heiti sjúkragagna*	*Styrkur*	*Form*	*Pakkning*	*Magn lyfjakistu A*	*B*	*C*	*D*
1. Lyf									
1.1 Blóðrás									
1.1.1		Adrenalín (ADRENALÍN)	1 mg/ml	stungulyf	10x1 ml	1	1		
1.1.2	e)	Nítróglýcerín (NITROMEX)	0,5 mg	töflur	30 stk.	2	1	1	1
1.1.3		Fúrósemíð (FURIX)	10 mg/ml	stungulyf	5x2 ml	1	1		
1.1.4		Metýlergómetrín (METHERGIN)	125 mg	töflur	30 stk.	1			
1.1.5		Própranólól (INDERAL)	40 mg	töflur	50 stk.	1			
1.2. Meltingarfæri									
1.2.1		Omeprazól (LOSEC)	20 mg	sýruhjúphylki	14 stk.	1			
1.2.2	a)	Sýrubindandi lyf (GAVISCON)		töflur	20 stk.	2	1		
1.2.3		Metóklópramíð (PRIMPERAN)	20 mg	stílar	6 stk.	1	1		
1.2.4		Klysma (MICROLAX)		innhellilyf	4x5 ml	1			
1.2.5		Lóperamíð (IMODIUM)	2 mg	töflur	16 töflur	2	1	1	
1.2.6	a)	Lyfjakol	250 mg	töflur	100 stk.	1	1		
1.2.7	a)	Gyllinæðasmyrsl (SCHERIPR.)		smyrsl	10 mg	1	1		
1.2.8	a)	Gyllinæðastílar (SCHERIPR.)		stílar	6 stk.	2	1		
1.3 Verkir og krampar									
1.3.1	a) e)	Parasetamól (PARATABS)	500 mg	töflur	30 stk.	3	2	1	1
1.3.2	a) e)	Íbúprófen (IBUMETIN)	400 mg	töflur	30 stk.	2	1	1	1
1.3.3.	a)	Parkódín sterkar (PANOCOD)	30/500	töflur	20 stk.	2	1		
1.3.4		Petidín	50 mg/ml	stungulyf	10 amp		1		
1.3.5		Morfín (MORFÍN)	10 mg/ml	stungulyf	10x1 ml	1			
1.4 Taugakerfi									
1.4.1		Klórdíazepoxíð (KLÓRDÍAZEP.)	10 mg	töflur	25 stk.	1	1		
1.4.2		Prómetasín (PHENERGAN)	25 mg/ml	stungulyf	10x2 ml	1	1		
1.4.3		Halóperidól (HALDOL)	2,5 mg/ml	stungulyf	10x2 ml	1	1		
1.4.4	a)	Meklósín (POSTAFEN)	25 mg	töflur	25 stk.	1	1	1	2
1.4.5		Díazepam (STESOLID)	4 mg/ml	innhellislyf	4x2,5 ml	1			
1.5 Ofnæmi og bráðaofnæmi									
1.5.1		Setirisín (HISTAL)	10 mg	töflur	10 stk.	2	1		
1.5.2		Hýdrókortisón (SOLU-CORTEF)	100 mg	stungul.stofn	1 glas	3	1		
1.6 Öndunarfæri									
1.6.1		Salbútamól (SALBUTAMOL)	0,1 mg/sk	innúðalyf	200 sk	1	1		

Númer	*Ath.*	*Heiti sjúkragagna*	*Styrkur*	*Form*	*Pakkning*	*Magn lyfjakistu A*	*B*	*C*	*D*
1.6.2	a)	Hóstalyf - Nota 3a3							
1.6.3	a)	Oxýmetasólín (NEZERIL)	0,5 mg/ml	nefdropahylki	20 stk.	2	2		
1.7 Sýkingar									
1.7.1	a)	Penicillín (CALCIPEN)	0,667 g	töflur	20 stk.	4	3		
1.7.2	a)	Erýtrómýsín (ERYBAS)	500 mg	sýruhjúptöflur	20 stk.	2	1		
1.7.3		Dikloxacillín (STAKLOX)	500 mg	hylki	20 stk.	2	1		
1.7.4		Siprófloxasín (SIPROX)	500 mg	töflur	10 stk.	1	1		
1.7.5		Ceftríaxon (ROCEPHALIN)	500 mg	stungul.stofn	5 hgl+ley	1			
1.7.6		Nítrófúrantóín (NÍTRÓFÚRANT.)	50 mg	töflur	30 stk.	1			
1.7.7		Mebendazol (VERMOX)	100 mg	töflur	6 stk.	1			
1.8 Vökva- og salttap									
1.8.1		Salt+þrúgusykur		skammtar	1 poki	20			
1.8.2	a)	Saltvatn (NATRÍUMKLÓRÍÐ)	0,9%	innr.lausn	1 lítri	3	3		
1.9 Húð, augu, eyru og munnur									
1.9.1	e)	Sótthr. sáraþurrkur (SAWETT)	0,02%	bréf	10 stk.	5	3	1	1
1.9.2	a)	Tópisín (TOPISIN)		smyrsl	20 g	1	1		
1.9.3	a)	Hýdrókortisón (HYDROKORTIS)	10 mg/g	smyrsl	20 g	1	1		
1.9.4		Ekónasól (PEVARYL)	1%, 150 mg	krem+stílar	15 g+3 stíl	1			
1.9.5	a)	Hexisíð (QUELLADA)	10 mg/g	áburður	100 ml	2	2		
1.9.6	a)	Skolvökvi (NATRÍUMKLÓRÍÐ)	0,9%	lausn	160 ml	4	2	1	
1.9.7	a)	Klóramfenikól (CHLOROMYC.)	10 mg/g	augnsmyrsl	4 g	1	1		
1.9.8	a)	Proxýmetakaín (ALCAIN)	5 mg/ml	augndropar	15 ml	1	1		
1.9.9		Eyrnadropar (HTP)		eyrnadropar	5 ml	1	1		
1.9.10		Deyfandi eyrnadropar (CILOPR.)		eyrnadropar	10 ml	1	1		
1.9.11	a)	Lídókaín (LIDOKAIN)	10 mg/ml	stungulyf	20 ml	2	1		
1.9.12		Lídókaín (XYLOCAIN)	20 mg/ml	gel	20 ml	2	1		
2. LÆKNINGATÆKI									
2.1 Endurlífgunarbúnaður									
2.1.1		Öndunarbelgur með tengi f. súrefni			1 stk.	1	1		
2.1.2	c)	Súrefnisgjafatæki			1 sett	1	1		
2.1.3	c)	Súrefnisgríma 35%, einnota			1 stk.	2	2		
2.1.4	c)	Sogtæki			1 stk.	1	1		
2.1.5	c)	Sogendar		F16	1 stk.	2	2		
2.1.6	e) f)	Kokrenna		Nr. 1	1 stk.	1	1	1	1
2.1.7	e) f)	Kokrenna		Nr. 3	1 stk.	1	1	1	1
2.1.8	e) f)	Munnhlíf (Laerdal Pocket Mask)			1 stk.	1	1	1	1

Númer	*Ath.*	*Heiti sjúkragagna*	*Styrkur*	*Form*	*Pakkning*	*Magn lyfjakistu A*	*B*	*C*	*D*
2.2 Umbúðir og saumabúnaður									
2.2.1	a) e)	Teygjubindi t.d. Medi-Rip		7,5 cm	1 stk.	2	1	1	1
2.2.2	a)	Grisjubindi, teygjanleg		8 cm	1 stk.	5	1		
2.2.3	a)	Grisjubindi, teygjanleg		15 cm	1 stk.	5	1		
2.2.4	a)	Slöngugrisja fyrir fingur/tær	m/applic.	Nr. 01	20 m	1	1		
2.2.5	a) e)	Kompressur, sótthreinsaðar		10x10 cm	1 stk.	20	15	5	5
2.2.6	a)	Kompressur, sótthreinsaðar		10x20 cm	1 stk.	6	4		
2.2.7	a)	Gipsbómull t.d. Soffban		15 cm	1 rl	6	4		
2.2.8	a)	Sótthreinsuð lök fyrir brunasjúklinga		46x31 cm	1 stk.	2	1		
2.2.9	a)	Þríhyrndur fatli		90-90-127 cm	1 stk.	3	2		
2.2.10	a) e)	Gúmmíhanskar, ósæfðir		stór	1 stk.	20	20	4	4
2.2.11	a) e)	Heftiplástur		2,5 cm x5 m	1 rl	2	1	1	1
2.2.12	a)	Heftiplástur		5 cm x5 m	1 rl	1			
2.2.13	a)	Plástur, „bréf"-plástur		2,5 cm x5 m	1 rl	1	1		
2.2.14	a)	Plástur, skyndiplástur		6 cm x1 m	1 pk	4	3	1	
2.2.15	a)	„Plásturslím" t.d. Nobecutan		10 ml	1 stk.	1			
2.2.16	a)	Sótthreinsuð kompressubindi		14 BPC	1 stk.	6	5	2	
2.2.17	a) e)	Sótthreinsuð kompressubindi		15 BPC	1 stk.	6	5	2	5
2.2.18	a) e)	Sjálflímandi sáraklemmur		ca. 3 cm	5 stk.	3	2	1	1
2.2.19	a) e)	Sjálflímandi sáraklemmur		ca. 5 cm	3 stk.	3	2	1	1
2.2.20	a)	Óuppgleypin seymi með nálum		3/0	1 stk.	3	3		
2.2.21	a)	Óuppgleypin seymi með stuttri nál		5/0	1 stk.	3	3		
2.2.22	a)	Vaselíngrisjur (JELONET)		10x10 cm	1 stk.	5	5		
2.2.23	a)	Saumatökusett			1 stk.	1	1		
2.2.24	a)	Gatastykki, einnota, gat 3-4 cm		44x44 cm	1 stk.	5	3		
2.2.25	a)	Augnpúðar, sótthreinsaðir			1 stk.	4	2		
2.2.26	a)	Skiptisett, einnota t.d. Propax			1 stk.	2	1		
2.3 Tæki									
2.3.1.	a)	Einnota skurðhnífur		Nr. 11	1 stk.	3			
2.3.2	a) e)	Skæri, sljó/ydd, bein		13 cm	1 stk.	2	2	1	1
2.3.3	a)	Skæri, ydd/ydd, bein		13 cm	1 stk.	1	1		
2.3.4		Umbúðaskæri		15-20 cm	1 stk.	1	1		
2.3.5	a)	Sáratöng kirurgisk		13 cm	1 stk.	1	1		
2.3.6	a)	Slagæðaklemma (Æðatöng)		13 cm	1 stk.	2	2		
2.3.7	a)	Nálatöng (Nálahaldari)		15 cm	1 stk.	1	1		
2.3.8	a)	Einnota rakvélar			5 stk.	1	1		
2.3.9	a)	Flísatöng, Stieglitz		13 cm	1 stk.	1	1	1	
2.4 Skoðunar- og eftirlitstæki									
2.4.1		Tunguspaði			10 stk.	1	1		
2.4.2	–	Prófefni (HEMA-COMBISTIX)		strimlar	50 stk.	1			

Númer	*Ath.*	*Heiti sjúkragagna*	*Styrkur*	*Form*	*Pakkning*	*Magn lyfjakistu* *A*	*B*	*C*	*D*
2.4.3		Kort fyrir hitalínurit				5			
2.4.4		Sjúkdómsgreiningarseðlar til nota v/sjúkraflutninga				5	5		
2.4.5		Hlustpípa, t.d. Lithmann			1 stk.	1	1		
2.4.6		Vökvalaus blóðþrýstingsmælir			1 stk.	1	1		
2.4.7		Lághitamælir í hulstri		27°-41°C	1 stk.	2	1		
2.4.8	a)	Plastslíður f. hitamæli, einnota			10 stk.	2	1		
2.4.9		Vasaljós			1 stk.	1	1	1	
2.5 Tæki til inndælingar, gegnflæðis, ástungu og holleggsþræðingar									
2.5.1		Þvagleggur, einnota		16F	1 stk.	1			
2.5.2	a)	Einnota innrennslissett (Intrafix)			1 sett	2	2		
2.5.3		Þvagpoki m/aftöppunarkrana, einnota		4A	1 stk.	1			
2.5.4	a)	Sprauta, einnota		2 ml	1 stk.	10	10		
2.5.5	a)	Sprauta, einnota		5 ml	1 stk.	10	5		
2.5.6	a)	Sprauta, einnota		50 ml	1 stk.	1			
2.5.7	a)	Nálar, einnota		19G	1 stk.	20	1		
2.5.8	a)	Nálar, einnota		21G	1 stk.	20	10		
2.5.9		Æðaleggur, einnota		18G	1 stk.	8	4		
2.5.10		Stasi (slagæðaband)			1 stk.	1	1		
2.5.11	a)	Andlitshlífðarmaski		bréf	1 stk.	10	5		
2.5.12	a)	Gúmmíhanskar, sótthreinsaðir		Nr. 8	1 par	4	2		
2.5.13	a)	Naglabursti m/sótthr. efni, einnota			1 stk.	2	1		
2.5.14		Plástur fyrir æðaleggi			1 stk.	3	3		
2.6 Almenn lækningatæki									
2.6.1	a)	Kælipoki				2	1		
2.6.2		Bekken			1 stk.	1			
2.6.3	a)	Hitapoki			1 stk.	1	1		
2.6.4	c)	Þvagflaska			1 stk.	1	1		
2.6.5	a)	Lásnælur			10 stk.	1	1	1	
2.6.6	a)	Nýrnabakki, einnota		úr pappa	1 stk.	4	3		
2.7 Festingar- og skorðunarbúnaður									
2.7.1	a)	Fingurspelka		2,5x50 cm ál	1 stk.	1	1		
2.7.2	a)	Framhandleggs- og handarspelka		ál	1 stk.	1	1		
2.7.3	a)	Vírnetsspelka klædd svampi		140 cm	1 stk.	2	1		
2.7.4	a)	Hálskragar t.d. Stifneck		Regular	1 stk.	1			
2.7.5	c)	Sjúkrabörur			1 stk.	1	1		
2.8 Sótthreinsun, skordýraeyðing og sjúkdómavarnir									
2.8.1		Skordýraeitur		úði	100 ml	1			
2.8.2	b)	Malaríulyf skv. svæðum		töflur					

Númer	*Ath.*	*Heiti sjúkragagna*	*Styrkur*	*Form*	*Pakkning*	*Magn lyfjakistu A*	*B*	*C*	*D*
2.8.3	a)	Merkimiðar, auðir límmiðar			10 stk.	1	1		
2.8.4	a)	Dömubindi			20 stk.	1	1		
2.8.5	c)	Líkpoki		stór	1 stk.	1	1		
2.8.6		Klóramín		duft	50 g	5			

Skýringar á athugasemdum:

a) Magn sjúkragagna merkt a) skal tvöfalda í lyfjakistu A séu 17 manns eða fleiri um borð.

b) Lyf merkt b) skulu vera í lyfjakistu skipa sem sigla um malaríusvæði.

c) Sjúkragögn merkt c) skulu aðeins vera í lyfjakistu B í skipum 500 bt og stærri.

d) Magn lyfja merkt d) skulu vera skv. eftirfarandi:

4 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	50 st.
6 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	50 st.
8 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	70 st.
10 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	70 st.
12 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	120 st.
16 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	120 st.
20 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	170 st.
25 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	170 st.
35 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	220 st.
45 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	320 st.
50 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	320 st.
100 manna björgunarfar	Meklósín (Postafen) 25 mg töflur	620 st.

e) Magn sjúkragagna merkt e) í lyfjakistu D skal vera skv. eftirfarandi:

Björgunarför fyrir 26 menn og fleiri en færri en 50 skulu hafa tvöfalt magn sjúkragagna.

Björgunarför fyrir 50 menn og fleiri en færri en 100 skulu hafa þrefalt magn sjúkragagna.

f) Sjúkragögn merkt f) skulu einungis vera í lyfjakistu björgunarfara fyrir 8 menn og fleiri.

VIÐAUKI II
Listi yfir sjúkragögn í sjúkrakassa.

Sjúkrakassi:

Lyf:

Parasetamóltöflur	2x 30 stk.
Saltvatn 0,9% skolvökvi	1x150 ml

Umbúðir og áhöld:

Flísatöng	1 stk.
Sáraböggull nr. 14, sæfður	4 stk.
Sáraböggull nr. 15, sæfður	4 stk.
Skyndiplástur 1 m x 6 cm	1 pk.
Skyndiplástur ca. 25 stk.	1 pk. niðurklipptur
Heftiplástur 5 m x 2,5 cm	1 rúlla
Skæri, bein, sljó/ydd, 13 cm	1 stk.